



IOTA

Fundargerð

Fundur haldinn í Bolungarvík 8. janúar 2019 kl. 18:30

1. Hinn árlegi bókafundur var haldinn á heimili formanns.
2. Fundurinn hófst með að kveikt var á kertunum, konum þakkað samstarf og samvera á síðasta ári ennfremur var þeim óskað alls hins besta á nýju ári með von um gott samstarf á nýju ári.
3. Eftir nafnakall voru fluttar fréttir frá landsforseta.
4. Boðið var uppá súpu, brauð og ýmist meðlæti, kaffi og konfekt.
5. Þá hófst yfirferð áhugaveðra bóka. Margt hefur verið lesið og einstaklega ánægjulegt að hlýða á frásagnir og endursagnir systranna.
6. Fundi slitið 20:40 með því að slökkva á kertunum.

Bókalistinn 2019

- Heilaga orð – Sigríður Hagalín. Spennandi og áhugaverð lesning.
- Ævisaga Ingibjargar Einarsdóttur – Margrét Gunnarsdóttir. Litlar heimildir á bakvið efnið og mikið um ef e-ð og hefði e-ð þá....
- Fjötrar, flóttinn, Ferðin – Sandra B. Clausen. Þrúleikur, gerist í Svíþjóð í kringum 1700. Flottar og skemmtilegar lýsingar. Smá erótík en spillir ekki fyrir sögunni.
- Svarthvítir dagar – Jóhanna Kristjónsdóttir. Skemmtileg og flottar lýsingar.
- Brúðan – Yrsa Sigurðardóttir. Ekkert sérstök en nett afþreying
- Allt í himnalagi hjá Elinor Olifant / Gail Honeyman
- Skjaldbökur alla leiðina niður – John Green. Unglingabók um stelpu með kvíða.
- Ungfrú Ísland – Auður Ava. Hefur fengið góða dóma, en smá vonbrigði, kannski vegna mikilla væntinga, skiptar skoðanir komu fram í umræðunni.
- Táknmál blómanna – Vanessa Diffenbau. Fjallar um munaðarlausu stelpu, mjög góð bók.
- 60 kíló af sólskini – Hallgrímur Helgason. Mjög fín. Flott frásögn um lífið á Íslandi fyrir rúmum 100 árum.
- Lifandilífslækur- Bergsveinn Birgisson. Söguleg skáldsaga/ádeila. Skemmtileg og vel skrifuð. Tengist hingað vestur.
- Rauður maður/svartur maður – Kim Leine. Hluti af þrúleik – frekar sterkar lýsingar.
- Þorpið – Ragnar Jónasson. Vonbrigði ársins.
- Smáa letrið – Linda Vilhjálmsdóttir, ljóðabók. Flott og vel skrifuð bók.

- Ljóðabók Gerðar Kristnýjar. Góð
- Konur breyttu búháttum – Bjarni Guðmundsson. Auðlesin og skemmtileg
- Kristur, saga hugmyndar – Sverrir Jakobsson. Mjög góð og vel skrifuð. Fjallar um upphaf frumkristni.
- Útlagamorðin – Ármann Jakobsson. Mjög spennandi glæpasaga.
- Miðausturlöndin – Magnús Þorgeir Bernharðsson. Þægileg og aðgengileg lesning
- Hvítabirnir á Íslandi – Rósa Lind Þórisdóttir
- Heimför – Yaa Ayasi. Saga sjö kynslóða afkomenda þrælasala. Mjög góð ... fjallar um fjötra stéttaskiptinga.
- Sögur frá Rússlandi, smásagnasafn – Áslaug Agnarsdóttir valdi og þýddi.
- Kapítola – Emma D.E.N.Southworth. Skrifuð 1850 af einstæðum kennara. Emma var einn fyrsti kvenrithöfundurinn sem fékk útgefnar bækur í Ameríku. Kapítola líklega fyrsta kvenhetjan í bókmenntum í heiminum. Fyrirmynd annarra “kvenhetjubókmennta”.
- One of us is lying – unglingsaga
- Ómetanlegt – Eygló Egilsdóttir. Fjallar um núvitund í daglegu lífi, þægileg og létt lesning.
- Jákvæðar hvatningar – Guðrún Bergmann.samansafn jákvæðra hvatninga sem hvetja þig til dáða í daglega lífinu.
- Galdra-Manga – Tapio Koivukari. Húmor í þessari bók
- Auðna – Anna Ragna Fossberg. Fyrsta bók höfundar. Rennur ágætlega. Fjölskyldusaga sem spannar rúma öld, fram á okkar daga.
- Allt sundrast (Things fall a part) – Achebe, Chinua (Nígerískur höfundur), gefin út 1958. Fjallar um þegar ágengir Evrópumenn lögðu undir sig nýlendur í Afríku.
- Einu sinni var í austri – Xialou Guo. Uppvaxtarsaga höfundar, lýsir barnæsku hennar. Gefin út af Angústúra.
- Sakfelling, forboðnar sögur frá Norður-Kóreu – Bandi. Smásögur sem lýsa hrikalegum aðstæðum fólks í Norður-Kóreu.
- Skúli fógeti-Faðir Reykjavíkur – Þórunn Jara Valdimarsdóttir. Skemmtileg frásögn
- Bränn alla mina brev/Alex Schulman. Góð skáldsaga – ástarsaga
- Ósjálfrátt – Auður Jónsdóttir
- Auður – Vilborg Davíðsdóttir, þrileikur
- Kamerdyner, pólsk bók sem gerð hefur verið eftir bíómynd.